

Alþingi
Erindi nr. P 135/2688
komudagur 14.5.2008

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Laugarvatni 13. maí 2008


**Efni. Umsögn. Tillaga til þingsályktunar um íþróttakennslu í grunnskólum.
Þskj.198 – 185.**

Íþróttafraeðasetur Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) hefur mótttekið bréf frá nefndasviði Alþingis, dagsett 28. apríl 2008, þar sem óskað er eftir umögn um þingsályktunar vegna íþróttakennslu í grunnskólum. Flutningsmenn tillögunnar eru þingmennirnir Ellert B. Schram og Ragnheiður Ríkarðsdóttir.

Erindið hefur verið kynnt fyrir fræðimönnum Íþróttafraeðaseturs KHÍ og rætt á fundi starfsmanna. Tillögunni er fagnað og boðinn er fram frekari stuðningur við útfærslu tillögunnar. Eins og fram kemur í texta er mikilvægt að beina þeim tilmælum til menntamálaráðherra að við endurskoðun námskrár í grunnskólum verði kennsla í íþróttum – líkams- og heilsurækt aukin og að nemendum sé tryggð að minnsta kosti ein hreyfistund á hverjum skóladegi. Alþjóðlegar ráðleggingar heilbrigðisstofnana um hreyfingu leggja til að börn á grunnsólaaldri hreyfi sig minnst 60 mín á dag. Íslenskar ráðleggingar Lýðheilsustöðvar leggja hið sama til auk þess sem íslenskar rannsóknir benda á þörf á aukinni hreyfingu vegna holdafarsbreytinga sem átt hafa sér stað á undanförunum árum. Aukin hreyfing og bætt mataræði er helsta lausn þessa vanda.

Sérfræðingar innan stofnunarinnar telja æskilegt að skipa starfshóp til að finna leiðir til fjölgunar á hreyfistundum svo mæta megi þessum alþjóðlegu kröfum en ekki síður óskum barna um fjölbætta og daglega hreyfiþörf. Sérstaklega skal haft í huga samþætting námsgreina og aukinn útivist.

Rétt er að benda á að rannsóknarverkefni sem Íþróttafraeðasetur KHÍ stendur fyrir „Lífsstíll 7 til 9 ára barna – Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu“ þar sem 3 doktorsnemar vinna sín verkefni, hefur þeirri aðferðafræði verið beitt að vinna að samþættingu námsgreina í því skyni að auka hreyfingu barna með auknu vægi leikja og útiveru. Þá hafa frímínútur verið nýttar til skipulagðar hreyfingar. Árangur sem náðst hefur í þessu verkefni er mjög góður og má nefna að börn í íhlutunarskólum hreyfa sig nú 60 mínútur eða meira á hverjum dagi og þannig náð alþjóðalágmörkum með aukinn hagræðingu og bættu skipulagi. Niðurstöður þessa rannsóknarverkefnis liggja fyrir í byrjun árs 2009.

Virðingarfyllt,

F.h. Íþróttafraeðaseturs
Kennaraháskóla Íslands
Dr. Erlingur Jóhannsson prófessor og forstöðumaður
Laugabraut 4
840 Laugarvatni